

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvið@althingi.is

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.). Mál nr. 690 frá nefndarsviði Alþingis.

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs vísar til fyrri umsagna sinna um málið, í fyrsta lagi við mál nr. 291/2019 birt á Samráðsgátt 20.11.2019, í öðru lagi við mál nr. 700, þingsjal 1179, á 151. löggjafarþingi 2020-2021 og í þriðja lagi við mál nr. 66/2022 birt 18.03.2022 á Samráðsgátt.

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs fagnar því að felld sé brott tillaga um að skylda lífeyrissjóði til að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa hluta iðgjalds til tilgreindrar séreignar, að felld sé brott tillaga um breytt fyrirkomulag við útreikning á verðbótum lífeyrisgreiðslna og að skýrar verði kveðið á um það í lögum hvaða hluti lífeyris sem byggir á iðgjaldi til séreignasjóða hafi áhrif á greiðslu almannatrygginga, með það að markmiði að koma í veg fyrir mismunun milli greiðsluþega almannatrygginga.

Að öðru leyti en að ofan greinir gerir stjórn lífeyrissjóðsins enn og aftur alvarlegar athugasemdir við frumvarpið. Sérstaklega er vakin athylgi á algjöru samráðsleysi, þrátt fyrir hvatningu Efnahags- og viðskiptanefndar í umsögn hennar frá 12. júní 2021 þess efnis að samráð yrði haft við hagaðila um breytingarnar. Því má við bæta að skammur fyrirvari var gefin á umsagnarfresti við frumvarp þetta, einungis rúmlega þrjú vinnudagar og óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd eftir skilum umsagna á miðnætti á almennum frídegi. Eru vinnubrögð þessi hér með í heild sinni gagnrýnd.

Þrátt fyrir að felld sé brott tillaga um að skylda lífeyrissjóði til að bjóða sjóðfélögum ráðstöfun í tilgreinda séreign er sjóðum þó í raun gefið lítið val. Að óbreyttu mun að öllum líkindum skapast þrýstingur til að bjóða uppá tilgreinda séreign vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar hennar til fasteignakaupa. Sú heimild sem veitt er í c – lið 2. gr. frumvarpsins, nýrri 4. mgr. 4. gr., til áframhaldandi lágmarkstryggingaverndar sem nemur 1,4% á ári af iðgjaldsstofni, er óskýr. Texti frumvarpsins og greinargerðar virðist ýmist vísa til núverandi 3. mgr. 4. gr. laganna, (hluti lágmarkstryggingaverndar í séreign og hluti í sameign) eða til núverandi 1. mgr. 5. gr. laganna sem heimil sjóðfélaga að ráðstafa hluta iðgjalds til viðbótartryggingaverndar / frjálsrar séreignar. Orðnotkun í frumvarpinu er varðar heimild þessa er misvísandi að mati stjórnar sjóðsins og mörgum spurningum ósvarað hvernig heimildin fellur að fyrirkomulagi sjóðsins í V deild hans. Stjórn Brúar lífeyrissjóðs leggur á það áherslu að skýrt verði í frumvarpinu að heimild sú sem sjóðfélagar í V deild hafa í dag til ráðstöfunar á hluta iðgjalds til viðbótartryggingaverndar/ frjálsrar séreignar verði áfram til staðar. Einnig leggur stjórnin á það áherslu að sjóðfélögum í V deild sjóðsins verði, til jafns við sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða sem greiða í tilgreinda séreign, heimil skattfrjáls ráðstöfun hluta iðgjalds sem greitt er í viðbótartryggingavernd / frjálsa séreign til fasteignakaupa.

Með lagabreytingunum minnkar vægi samtryggingar sem er ekki jákvætt fyrir sjóði með mikla örorkubyrði eða öllu heldur sjóðfélaga þeirra sjóða. Að mati stjórnar sjóðsins var markmiðið með samræmingu réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði ekki þessi verulega breyting sem nú er lögð til á lífeyriskerfinu. Þar fyrir utan er gagnrýniverð að ábyrgðin sé færð yfir á sjóðfélaga að velja, að meta áhrif á réttindi sín eftir því sem valið er. Breytingar þessar eru síst til þess fallnar að einfalda lífeyriskerfið. Til viðbótar vill stjórn sjóðsins koma því á framfæri að lífeyriskerfið var ekki byggt upp sem húsnæðisstuðningur. Með breytingu þeirri sem lögð er fram er ekki unnið að jöfnuði einstaklinganna, sbr. samræmingu réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, heldur frekar verið að skapa aðstöðumun milli þeirra tekjuhærri og þeirra tekjulægri.

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs ítrekar fyrri afstöðu sína að tilgreind séreign mun auka flækjustig lífeyriskerfisins sem er flókið fyrir. Stofnaðilar sjóðsins, BSRB, BHM, KÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa ekki samið í sínum kjarasamningum um tilgreinda séreign.

Hvatt er til þess að breytingar þessar séu endurskoðaðar í samráði við lífeyrissjóðina, þar sem nægjanlegt svigrúm er veitt. Innihald frumvarpsins ætti að taka fyrir í grænbókarvinnu stjórnvalda. Stjórnvöld þurfa að spyrja sig þeirrar spurningar hvort rétt sé að stefna í átt að enn flóknara lífeyriskerfi, þar sem ráðstöfunarréttur og svigrúm sjóðfélaga er minnkað og rekstarkostnaður lífeyrissjóðanna aukinn.

Reykjavík, 6. júní 2022

Fyrir hönd stjórnar Brúar lífeyrissjóðs,



Gerður Guðjónsdóttir
Framkvæmdastjóri



Þóra Jónsdóttir
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs